Íslenska ríkið (ríkið) annars vegar og Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær (sveitarfélögin) hins vegar gera með sér svohljóðandi:

Yfirlýsingu

um sameiginlegan skilning varðandi framkvæmd Samkomulags um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum frá 26. september 2019 með viðaukum (Samgöngusáttmálinn).

Lögð verði áhersla á eftirfarandi verklag og meginreglur til að efla gagnsæi, skilvirkni og traust á framkvæmd Samgöngusáttmálans:

1. gr.

Ábatagreiningu skal beitt við val á lausnum og kostnaðar- og hagkvæmnisjónarmið ráða för til að tryggja besta nýtingu fjármuna.

2. gr.

Horft verði til þess að hámarka umferðarflæði þar til framkvæmdum sáttmálans er lokið.

3. gr.

Betri samgöngur ohf. bera ábyrgð á að upplýsa kjörna fulltrúa á Alþingi og sveitarstjórnum um framgang sáttmálans og stöðu einstakra verkefna þegar eftir því er óskað en að lágmarki árlega.

4. gr.

Betri samgöngur ohf. munu stofna til samráðsvettvangs um framvindu verkefna og framkvæmdaáætlun sáttmálans. Með því er tryggð nauðsynleg aðkoma kjörinna fulltrúa og tækifæri til umræðu.

5. gr.

Gefinn verði kostur á að koma að athugasemdum um útfærslu áætlana og verkefna áður en verkefni komast á framkvæmdastig.

6. gr.

Endurskoða skal verkefnasafn sáttmálans reglulega.

Reykjavík, 21. ágúst 2024

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

F.h. ríkisins

forsætisráðherra

fjármálaráðherra

innviðaráðherra

F.h. sveitarfélaga

borgarstjóri Reykjavíkurborgar

ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR
bæjarstjóri Kópavogsbæjar

bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar

bæjarstjóri Garðabæjar

bæjarstjóri Mosfellsbæjar

bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026